

## Fyrirspurn

til félags- og vinnumarkaðsráðherra um skerðingu réttinda  
almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar.

Frá Guðmundi Inga Kristinssyni.

1. Hverjar eru skerðingarreglur einstakra réttindaflokka laga um almannatryggingar, nr. 100/2007, og laga um félagslega aðstoð, nr. 99/2007?
2. Hve mikið hafa greiðslur úr ríkissjóði til einstaklinga lækkað vegna reglnanna á ári hverju undanfarin þrjú ár og hvernig skiptast þær fjárhæðir milli réttindaflokka?

**Skriflegt svar óskast.**